



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Jóhann Birkir Helgason  
Verkís hf  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

miðvikudagur, 1. desember 2021  
MÍ201902-0015/ 6.09 / I.S.K.

Rannsóknar- og  
miðlunarsvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

## Efni: Landfylling við Langeyri

Minjastofnun Íslands hefur borist beiðni dagsett þann 21. september 2021 um umsögn um fyrirhugaða landfyllingu inn af Langeyri í Súðavík frá Jóhanni Birki Helgasyni skipulags- og byggingarfulltrúa Súðavíkur.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands dagsett 20. desember 2019 þar sem fjallað var um fyrirhugað deiliskipulag á svæðinu var farið fram á eftirfarandi aðgerðir:

*„Ráða þarf fornleifafræðing til þess að grafa könnunarskurði í setið og rannsaka hvalbein á framkvæmdasvæði. Eftir að rannsókn hefur farið fram þarf að færa beinin út fyrir áhrifasvæði framkvæmdanna. Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um hvort frekari mótvægisáðgerða sé þörf út frá niðurstöðum rannsókna.“*

Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hefur nú kannað svæðið með tilliti til fornleifa og grafið könnunarskurði í setið. Hafa niðurstöðurnar verið gefnar út í skýrslunni *Fornleifarannsókn vegna tilvonandi framkvæmda við Langeyri í Álftafirði 2021*. Í ljós kom að talsverðar minjar leynast á hafsbotninum, flestar frá seinni tíma 19. aldar og fram á 20. öld. Gripir sem fundust endurspeglar starfsemina sem þar fór fram. Í skýrslunni kemur fram að fjöldi hvalbeina er það mikill að ógerningur er að fjarlægja þau án meiriháttar fornleifauppgraftar.

Neðansjávarnefnd Minjastofnunar Íslands tók málið fyrir á fundi þann 12. nóvember 2021. Framkvæmdasvæðið hefur verið rannsakað og upplýsingarum minjasvæðið fengnar með könnunarskurðum. Minjastofnun Íslands telur því ekki þörf á frekari áðgerðum að sinni. Minjastofnun bendir þó á að ef á að fara í frekari framkvæmdir við Langeyri og landfyllingu svo sem dýpkun á hafsbotni þurfa slíkar framkvæmdir að koma inn til umsagnar hjá stofnunninni en vitað er um minjar m.a. skipsflak utan við svæðið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Inga Sóley Kristjónudóttir  
Verkefnastjóri

**Inga Sóley  
Kristjónudóttir**

[ingasoley@minjastofnun.is](mailto:ingasoley@minjastofnun.is)